

Miðvikudaginn 14. nóvember 1990.

Nr. 154/1990. **Ákærvaldið**  
 (Björn Helgason saksóknari)  
 gegn  
**Jóni Karli Kristjánssyni**  
 (Jón Oddsson hrl.).

Líkamsárás.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. mars 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu.

Verjandi krefst þess aðallega, að ákærði verði sýknaður, en til vara, að honum verði einvörðungu gerð vægasta refsing, er lög leyfa, og að refsing verði þá skilorðsbundin.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og nánar greinir í dómsorði.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Karl Kristjánsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. mars 1990.**

Ár 1990, fimmtudaginn 15. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 154/1990: Ákærvaldið gegn Jóni Karli Kristjánssyni, sem tekið var til dóms þann 27. febrúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. júní sl., á hendur ákærða, „Jóni Karli Kristjánssyni, Fjarðarseli 6, Reykjavík,

kennitala 23.09.48-7399, fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 15. janúar 1989 í íbúð að Njarðarholti 2, Mosfellsbæ, veist að Elíasi Guðvarðarsyni, fæddum 18. maí 1950, þar sem Elías lá í rúmi í íbúðinni, þrifið í vinstri handlegg hans og kastað honum í vegg og svipt honum síðan til nokkrum sinnum í þeim tökum með þeim afleiðingum, að Elías hlaut liðhlaup á ytri enda vinstra viðbeins og slit á liðböndum í vinstri axlarlið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir:

Þann 24. janúar 1989 sneri Elías Guðvarðarson, kt. 18.05.50-2169, sér til RLR í þeim tilgangi að kæra líkamsárás, er hann kvaðst hafa orðið fyrir sunnudaginn 15. janúar sama ár að Njarðarholti 2, Mosfellsbæ, af hálfu ákærða. Skýrði kærandi svo frá fyrir dómi þann 9. janúar sl., að hann hefði farið ásamt tveimur stúlkum á heimili Þórhalls Kárasonar í Mosfellsbæ. Hefði ákærði skömmu síðar komið á vettvang undir áhrifum áfengis og heimtað, að gestirnir yrðu reknir út. Kvað kærandi, að önnur stúlkan hefði verið orðin ölvuð, og hefði hún farið inn í rúm. Kvað kærandi, að ráðgert hefði verið að fara á dansleik, og kvaðst hann hafa farið inn í herbergi til stúlkunnar til þess að athuga, hvort hún vildi ekki koma með. Kvaðst kærandi hafa sest á rúmið og legið fram á vinstri handlegg og rætt við stúlkuna. Kvaðst hann hafa legið ofan á sænginni. Að sögn kæranda kallaði ákærði inn í herbergið, og sagði hann kæranda að láta stúlkuna í friði. Kvaðst kærandi engu hafa svarað, og hefði ákærði þá komið inn og það engum togum skipt, að ákærði hefði gripið með báðum höndum í vinstri handlegg kæranda og sveiflað honum þannig, að fætur hans lentu á veggnum. Kvað kærandi Þórhall hafa komið inn og stöðvað ákærða. Þá hafi Súsanna einnig komið inn í herbergið. Kærandi kvað ákærða eftir þetta hafa hamast á handlegg hans og sagt, að ekkert væri að honum. Kvaðst kærandi síðan hafa farið af staðnum ásamt ákærða og Þórhalli.

Kærandi kvaðst hafa verið frá vinnu í 9 mánuði eftir þetta, þó ekki samfelld, og kvaðst kærandi hafa unnið í júlí, en þá hafa orðið að hætta. Kvaðst kærandi aka greiðabil, en ekki geta stundað erfiðisvinnu. Kærandi hafði í hyggju að höfða einkamál til greiðslu skaðabóta á hendur ákærða.

Kærandi leitaði samdægurs til slysadeildar Borgarspítalans, en þaðan var hann fluttur á Landakotsspítala. Vottorð Höskulds Baldurssonar lækni, sérfræðings í bæklunarlækningum, dagsett 18/3 1989, er svohljóðandi:

„Sjúkl. var lagður inn á Landakotsspítala akút af læknum slysadeildar Borgarspítalans þ. 15.1.'89. Í sjúkrasögu kemur fram að sjúkl. hafi kvöldið

fyrir innlögð verið staddur í samkvæmi, undir áhrifum áfengis, og lent þar í stimpingum við kunningja sinn. Sjúkl. segir að kunninginn hafi ráðizt á sig og kastað sér með miklu offorsi utan í vegg. Í sjúkraskýrslunni segir að sjúkl. muni lítið eftir það, en þegar hann vaknaði að morgni, var hann mjög aumur í vinstri öxl, bólginn og með mikla verki. Leitaði þá til slysa-deildar þar sem fyrsta skoðun og myndataka fór fram, en sjúkl. var síðan lagður á Landakotsspítala til frekari meðferðar.

Í heilsufarssögu kemur fram að sjúkl. hafi almennt verið hraustur en það er saga um mikla áfengis- og lyfjanotkun og mun sjúkl. hafa verið í meðferð vegna þessa.

Skoðun við komu á Landakotsspítala leiðir ekki í ljós nein áverkamerki annars staðar en um vinstri öxl. Skoðun á öxlinni leiðir í ljós greinilegt liðhlaup í acromioclavicular-lið ofan á vi. öxl. Sjúkl. getur nánast ekkert hreyft í öxlinni vegna sársauka og hann er hvellaumur við þreifingu yfir liðbilinu og bólginn þar um. Rtg-myndir sem teknar voru á slysa-deild sýna að ytri endinn á viðbeininu er genginn upp og úr acromial-liðnum. Sé mæld fjarlægðin frá processus coracoideus og upp að neðri flöt viðbeins, mælist hæ. megin 8 mm en vi. megin 16-17 mm, bæði á liggjandi myndum og myndum með þungaálagi. Það er þannig greinilegt að sjúkl. er með 3. stigs liðhlaup í acromioclavicular-lið með sliti á trapezium og conoid ligamentum.

Sjúkl. er tekinn til aðgerðar þ. 16.1.'89. Í svæfingu er acromioclavicular-liðurinn færður í réttar skorður og þetta fest með skrúfu sem gengur úr viðbeini niður í processus coracoideus scapulae. Sjúkl. er síðan settur í „collar and cuff“-umbúðir.

Sjúkl. var töluvert slæmur af verkjum eftir aðgerðina og þar sem hann býr einn var hann nokkuð lengur á spítalanum en almennt gerist eftir þessar aðgerðir, en þ. 23.1.'89 útskrifast sjúkl. heim.

Sjúkl. kemur til saumatöku þ. 30.1.'89 en þá eru tvær vikur liðnar frá aðgerð. Saumar eru þá teknir úr skurði og er skurður vel gróinn, ekkert er að sjá athugasvert við ac-liðinn en sjúkl. er verulega aumur og kvartar mikið um verki. Ákveðið er að hann haldi áfram að hafa hendina (sic) í „collar and cuff“-umbúðum, en hann er hvattur til að æfa og hreyfa í axlarlið eins mikið og umbúðir leyfa. Hann fær leiðbeiningar um æfingar sem hann á að gera heima.

Sjúkl. kemur til ambulantsaðgerðar þ. 27.2.'89, en þá hefur verið ákveðið að fjarlægja skrúfu þá sem heldur viðbeininu niðri. Sjúkl. hefur haldið áfram að hafa slæma verki og óþægindi frá öxlinni, mest segir sjúkl. óþægindin vera á nóttunni en miklu minni óþægindi að deginum þegar hann sitji uppi eða sé á hreyfingu. Rtg-myndir sem voru nýteknar sýna að skrúfa lá óbreytt, það var spurning hvort ytri endi viðbeins hefði aðeins hreyft til gagnvart acromion, en það var talið að liðbönd væru nú gróin auk þess

sem maður sá töluverða kalkmyndun í liðböndum milli viðbeins og processus coracoidei, þannig að talið var að ekki væri þörf á skrufunni lengur. Hún var því fjarlægð í staðeyfingu þennan dag. Jafnframt var haft samband við sjúkrahjálfa í Hafnarfirði þar sem sjúkl. dvelur núna og voru lögð drög að því að sjúkl. færi þangað og hæfi sjúkrahjálfun til þess að ná upp krafti og hreyfiferli í vi. axlarlið. Sjúkl. mun nú vera í þessari meðferð.

*Álit:* Sjúklingur fær acromioclavicular luxatio, þ.e. liðhlaup á ytri enda viðbeins þannig að viðbeinsendinn gengur upp á við og liðbönd slitna. Þetta er fært í réttar skorður, fest með skrufu. Skrufa hefur nú verið fjarlægð og sjúkl. hefur hafið sjúkrahjálfunarmedferð til að ná upp afli í axlarvöðva og ná upp hreyfiferli í axlarlið. Búast má við að það taki sjúkl. þó nokkrar vikur að ná upp þeim styrk í öxlinni og þeirri hreyfingu sem nægir til að hann geti unnið störf sín, en sjúkl. starfar sem sendibifreiðarstjóri og þarf því að geta borið og lyft með höndunum. Maður gerir sér vonir um að þegar sjúkrahjálfunarmedferð lýkur, verði sjúkl. jafngóður og einkennalaus frá öxlinni, en því er ekki að leyna að stundum kemur það fyrir að sjúklingar hafa áframhaldandi verki frá acromioclavicular-liðnum, og ef svo færi, væri hugsanlegt að gera þyrfti aðra aðgerð á lið þessum til að sjúkl. yrði óþægindalaus. Hvort til slíks kemur er ómögulegt að segja á þessu stigi málsins.“

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi þann 5. febrúar sl., að hann hefði komið á vettvang um kl. 22.30, og kvaðst hann hafa verið undir litlum áfengisáhrifum. Hafi þarna verið fyrir Þórhallur Kárason, sem ekki var undir miklum áfengisáhrifum, Elías, Súsanna og Jóhanna, og voru stúlkurnar dauðadrukknar að sögn ákærða og Elli mikið ölvaður. Kvaðst ákærði kannast við Ella og talað (sic) við hann. Kvaðst ákærði hafa farið í sturtu og síðan farið fram. Að sögn ákærða fór yngri stúlkann inn í svefnherbergið u.þ.b. einni klst. eftir, að ákærði kom á staðinn. Eftir smástund hafi Elli farið inn á svefnherbergisganginn. Kvaðst ákærði hafa ætlað á salernið, og á leið þangað kvaðst hann hafa séð inn í herbergið, og var Elli þá kominn upp í rúm hjá stúlkunni. Að sögn ákærða var Elli kominn undir sæng, en stúlkann hafi snúið frá honum. Kvaðst ákærði hafa kallað á Ella, sem hafi beðið ákærða að skipta sér ekki af þessu. Kvað ákærði Ella hafa staðið upp, og kvaðst ákærði hafa snúið sér við og farið fram. Kvaðst ákærði hafa heyrt skruðninga og séð Ella á fjórum fótum á gólfinu. Ákærði kvaðst ekki vita ástæðu þess, að Elli datt. Kvað ákærði Þórhall hafa komið inn ganginn um þetta leyti, en Súsanna hafi verið steinsofandi inni í stofu, þegar ákærði kom þangað. Ákærði neitaði því, að áverkar á Ella væru af sínum völdum. Þá neitaði ákærði að hafa togað í handlegg Ella inni í stofu, en kvað Ella hafa kvartað um meiðsli í öxl. Hafi þeir þrír tekið leigubifreið

saman og þeir Þórhallur farið í Hollywood, en Elli sennilega farið heim til sín. Ákærði kvað Ella hafa hringt heim til sín daginn eftir þetta, og varð sonur ákærða fyrir svörum. Hafi Elli borið á ákærða, að hann hafi meitt sig. Ákærði taldi mikil tengsl milli vitna í máli þessu, og kvað hann þau hafa sammælst um framburð sinn gegn ákærða. Kvaðst ákærði vera kunningi Þórhalls, og hefðu þeir kynnst í Danmörku.

Vitnið Jóhanna Guðmundsdóttir, kt. 200770-5959, kom fyrir dóm þann 9. janúar sl. Kvaðst vitnið hafa verið undir áhrifum áfengis og hafa farið inn í herbergi og kvaðst hafa verið búin að vera þar dálitla stund, er Elías kom inn. Hafi hann setið á rúmstokknum og spurt vitnið, hvort það ætlaði með á dansleik. Kvað vitnið ákærða hafa komið inn, og hafi hann þrifið í Elías um axlir, að því er vitninu fannst, og slengt honum utan í skáp. Kvaðst vitnið hafa grúft sig niður og ekki fylgst með því, sem gerðist eftir það. Vitnið kvað hafa verið dimmt þarna inni og ítrekaði, að það hefði séð ákærða rífa í Elías, og kvað vitnið þetta hafa rifjast betur upp fyrir sér eftir skýrslutöku hjá RLR, en þar skýrði vitnið svo frá þann 7. mars sl., að það hefði ekki séð ákærða rífa Elías upp, en fundið það. Fyrir dómi kvaðst vitnið hafa heyrt fleiri dynki, eftir að það grúfði sig niður, og fannst vitninu það vera ákærði að tukta Elías til. Vitnið kvaðst hafa farið inn í stofu eftir þetta, en mundi ekki, hvort karlmennirnir voru farnir. Ítrekað (sic) aðspurt kvaðst vitnið aðeins hafa séð ákærða rífa í Elías, en þá kvaðst vitnið hafa grúft sig niður og því ekki séð framhaldið. Að sögn vitnisins var á þessum tíma kunningsskapur milli vitnisins og Súsönnu, en vitnið kvaðst hafa kannast við Elías.

Vitnið Þórhallur Kárasón, kt. 200652-3399, kom fyrir dóm sama dag. Kvaðst vitnið vera kunningi ákærða. Hafi Súsanna, Jóhanna og Elías komið í heimsókn til vitnisins, og hafi klukkan þá verið um 21.00. Um kl. 23.00 hafi ákærði komið, og var hann ekki áberandi ölvaður, en eitthvað undir áhrifum áfengis. Um kl. 23.30 hafi Jóhanna farið inn í herbergi, og u.þ.b. 10 mínútum síðar hafi Elías farið á eftir henni. Skömmu síðar hafi ákærði farið inn á salerni, að því er vitnið taldi, og eftir það kvaðst vitnið hafa heyrt rífrildi milli ákærða og Elíasar. Kvaðst vitnið hafa farið fram að athuga þetta, og kvaðst vitnið þá hafa séð ákærða og Elías, þar sem þeir stóðu fyrir framan herbergisdyrnar og rifust. Vitnið kvaðst engin átök hafa séð milli þeirra. Hafi þeir síðan sest inn í stofu, setið saman í sófa og þrätt að eitthvað. Vitnið varð ekki vart við, að ákærði togaði í handlegg Elíasar, meðan þeir sátu í sófanum. Vitnið kvað Elías ekki hafa kvartað um meiðsli, og hafi þeir þrír farið saman í leigubifreið á dansleik, en Elías hafi hins vegar haldið áfram með leigubifreiðinni. Vitnið kvað Súsönnu ekki hafa farið inn á gang, er vitnið fór að athuga með ákærða og Elías.

Vitnið Súsanna Regína Gunnarsdóttir, kt. 300354-5139, kom fyrir dóm

þann 24. janúar sl. Kvað vitnið, að sér hefði verið boðið ásamt Jóhönnu og Ella heim til Þórhalls. Hafi ákærði komið á vettvang um miðnætti, og var hann mjög leiðinlegur og reyndi að fá fólkið út. Hafi Jóhanna farið inn í herbergi og lagt sig. Vitnið kvað Ella skömmu síðar hafa farið inn í herbergi að tala við Jóhönnu, og skömmu síðar kvaðst vitnið hafa heyrt dynk, og kvaðst vitnið ásamt Þórhalli hafa farið að kanna þetta. Vitnið kvað Ella hafa legið á gólfinu, en Jóhanna lá í rúminu, en ákærði stóð við hurðina. Vitnið kvað Jóhönnu hafa sagt, að ákærði hefði grýtt Ella í vegginn. Þegar komið var fram í stofu, kvað vitnið, að ákærði hefði togað í handlegg Ella, sem hafi kvartað sáran. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða grýta Ella í vegginn, en vitnið kvað ekkert fara á milli mála, hvað gerst hafði, slíkur var hávaðinn. Við yfirheyrslur hjá RLR þann 7. febrúar 1989 skýrði vitnið svo frá, að það hefði séð ákærða grýta Elíasi í hraunaðan vegg í herberginu, en fyrir dómi kvað vitnið þetta ekki rétt, það hefði einungis heyrt dynk.

#### *Niðurstöður.*

Ákærði hefur þrúfaldlega haldið fram sakleysi sínu og neitað því, að áverkar á Elíasi Guðvarðarsyni séu af sínum völdum, heldur hljóti hann að hafa dottið. Þegar virtur er framburður vitnanna Elíasar og Jóhönnu og litið er til áverka þeirra, er Elías hlaut, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði eigi sök á áverkum þessum. Þá hefur vitnið Súsanna stutt þá frásögn Elíasar, að ákærði hafi eftir þetta togað í handlegg Elíasar í stofunni.

Varðar þessi háttsemi ákærða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann árin 1966-1968 þrúvegis sæst á sektargreiðslur fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, áfengislögum og umferðarlögum, og 1976 hlaut hann 10 daga varðhald fyrir ölvunarakstur.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga, en fullnustu refsingarinnar þykir mega fresta, og skal hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun Jón Oddssonar hrl., skipaðs verjanda síns, kr. 30.000.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Karl Kristjánsson, sæti varðhaldi í 45 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 30.000.